

RUÐNINGUR

FRÍTT

ERT' EKKI AÐ GRÍNAST?

DÓMSDAGUR

Tvíklöfningur

Jón Guðmundsson segir frá innri baráttu. Er hann dómari eða þjálfari?

ÓVISSA 2



Keyrði gamla konu niður

Guðni Eiríkur Guðmundsson kennari keyrði gamla konu niður í annað skipti á fáum dögum. Guðni segir frá þessu í hressilegu viðtali.

GLÆPIR 2

Hvar er þriðji dómariinn?

„Dómarar hafa barist í fjölda ára fyrir því að fá inn þriðja dómariann. Félögin hafa verið ófús að borga við viðbótina,“ segir Gísli Páll Pálsson, mannfræðingur.

MANNFRÆÐI 18



Bjösssi kominn heim

Björn Leósson hefur verið ráðinn aftur á skrifstofu KKÍ. Mótamál voru í það miklum ólestri. Björn ihugar að leggja flautuna á hilluna.

ÍPRÓTTIR 2

Íslandsmótið ónýtt

Reiknivilla olli því að þekktur úrvalsdeildardómari fékk skráða fimm leiki af mikið. Hafði verið heiðraður fyrir eitt þúsund dæmda leiki en verður sviptur titlinum. KKÍ vill endurtaka alla deildarleiki á þessu tímabili.

SVINDL OG BLEKKINGAR Rakarinn og glaumgosinn Rögnvaldur Hreiðarsson var á dögnum heiðraður fyrir að hafa dæmt eitt þúsund leiki á vegum KKÍ. Nú hefur hins vegar komið upp sú staða að samkvæmt bókhaldi hefur hann aðeins dæmt 995 leiki og er talið ólíklegt að hann nái takmarkinu eftir að Tryggingastofnun mat hann 75 prósent öryrkja vegna tíðra hnémeiðsla.

Aðeins einn dómari hefur dæmt yfir 1.000 leiki en það var Jón Otti Ólafsson sem dæmdi yfir 3.000 leiki á árunum 1940-1999.

Óskar Ófeigur Jónsson tölfraeðisín, viðurkennir að Rögnvaldur hafi ekki náð eitt þúsund leikjum fyrir KKÍ. „Ég veit eiginlega ekki hvað gerðist. Mér sýnist að menn hafi farið í mannavillt og gefið dómara með skammstöfumina RH fimm leiki sem RG átti að fá.“

Þar á Óskar við nafna sinn Rúnar Gíslason, landflotta námsmann í Danmörku. Það skrytna við þetta er sú staðreynd að Rúnar Gíslason heldur einnig utan um þessa tölfraeði. „Það er ekki ólíklegt að Rúnar og Rögnvaldur hafi verið að plotta þetta. Þeir eru alltaf að spjalla eitthvað saman á msn.“

Málið er litið grafalvarlegum augum af forystu sambandsins. „Þú hlýtur að vera að grínast,“ voru fyrstu viðbrögð Friðriks Inga

Rúnarssonar, framkvæmdastjóra KKÍ. Hann segir að þar á bæ skoði menn hvort leika þurfi alla leiki á leiktíðinni upp á nýtt, enda eru allir þeir leikir sem Rögnvaldur Hreiðarsson hefur dæmt á leiktíðinni ógildir. „Sjáðu til, leikur númer 1000 var í raun og veru 995. leikurinn. Þetta breytir auðvitað gildi leiksins og gerir þá alla ógilda,“ sagði Friðrik Ingi brúnaþungur í samtali við Ruðning.

„Das ist ein Skandal. Við munum svipta Rögnvaldi þessum heiðri og hugsanlega leggja á hann fésektir.“ Sambandið ætlar að rukka Rögnvald fyrir blómvönd sem honum var veittur.

Hvorki náðist í Rúnar Gíslason né Rögnvald Hreiðarsson við gerð þessarar fréttar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Eiginkona Rögnvalds hafði ekkert heyrt til hans síðan um síðustu helgi.

RÖGNVALDUR HREIÐARSSON Þekktur glaumgosi og nú hundeltur svikari



Gungur og dusilmenni: Hunskist til að svara pósti

GAGNRÝNI Kristinn Óskarsson, formaður KKDÍ, kallar félagasína gungur og dusilmenni í viðtali sem birtist við hann í Skírni, tímariti Hins íslenska bókmenntafélags. „Það er ótrúlegt að fylgjast með þessum strákum. Skortir alla tilfinningu fyrir dómgæslu og geta aldrei komið með góðar hugmyndir.“ Fer það einkum fyrir brjóstið á Kristni hversu seint og illa menn svara pósti. Innan dómaraþópsins er Kristinn kallaður Maó, Napóleon eða maffíósi.

Þegar hann er spurður um hvort geti verið að hann stökkvi stundum upp á nef sér spurði hann hvasst: „Hvað áttu við?“

Kristinn fer fyrir launaneftnd KKDÍ sem ætlar að skila launakröfum sínum á borð Sambandsins innan fárra daga. Samkvæmt heimildum Ruðnings fara dómarafráttir á óheyrilega hækkun launa. Sjá menn fram á hörð verkfallsátök og hefur Kristinn farið fram á stuðning Alþjóðlega dómaraþópsins.

Sérstaklega fer það fyrir brjóstið á honum að akstur frá Keflavík til Sandgerðis sé skilgreindur sem innanbæjarakstur.

Kristinn lýsir í viðtalinu samskiptum sínum við feita kústastrákinn á Sauðárkróki en þeir rifust heftarlega í miðjum leik um daginn. Strákur mun hafa gert athugasemdir við staðsetningar og merkagjöf Kristins, og hlaut bágt fyrir.

Kvenréttindasamtök fagna en allir eru ekki jafn kátir:

Útlenskar konur fengnar til að dæma körfuboltaleiki



KYNJAVERUR Síðasti múr aðskilnaðar karla og kvenna er fallinn eftir að konur hófu að dæma körfuboltaleiki á vegum KKÍ.

Talið er að dómara-nefnd hafi látið undan miklum þrýstingi frá Femínistafélagi Íslands sem á að hafa hótad nefndarmönnum barsmíðum ef konur yrðu ekki fengnar til að dæma á ári kvennakörfunnar.

Tvær, ungar konur, Georgía Olga Kristiansen og Indfana S. Marquez hafa því stökkið fram á körfuboltasjónarsviðið í vetur íklæddar gráu treyjunum sem að mati kvenréttindahreyfinga hafa verið tákn feðraveld-

isins. Svo mikið hefur gústað af þessum konum að mörgum piltum finnst nóg um og eru farnir að skröpa í leiki. Leik Mostra og D-liðs Fram varð að fresta þar sem ekki fékkst tilskilinn lágmarksfjöldi þátttakenda.

Talsmaður Mostra segir að hann hafi ekkert á móti konum. Hann og fleiri leikmenn eigi bara erfitt með að einbeita sér að leiknum þegar konur dæmi og sumir missi einfaldlega stjórn á tilfinningum sínum og hormónum. „Leikmaður frá okkur girti til að mynda niður um sig í leik fyrir framan kvenkynsdómara. Hann réði bara einfaldlega ekki við sig lengur.“

„Ég er orðlaus. Hvað gerist næst?“ spyr formaður Sambandsins. Ætlar hann að taka málið upp á vettvangi hreyfingarinnar, enda finnst honum ekki vera hægt að konur dæmi hjá körlum. „Vilja þær ekki líka fara í sturtu með strákunum eftir leik?“



Dómarar slógust við ungmenni í keppni yngri flokka: Skylda mín að verja flautuna

ÆSKULÝÐSMÁL Þeir Hákon Hjartarson og Konráð Jóhann Brynjarsson lentu í kröppum dansi í ellefta flokks leik KR og Breiðabliks á dögnum. Ungmenni úr röðum Breiðabliks vatt sér upp að Konráði, reif af honum flautuna og hljóp um flautandi.

Konráð Brynjar, sem starfaði sem öryggisvörður fyrir bandaríska sendiráðið í Kartúm í Súdan um árabli, brást að vonum hinn versti við og elti þjófinn upp. „Ég get sætt við svívirðingar þjálfara, leikmanna og áhorfenda. En ég get ekki sætt við við misnotkun á dómaraflautunni minni. Það er skylda hvers dómara að verja flautuna sína.“

Konráð tók í lurginn á leikmanninum sem varð til þess að allt sprakk í loft upp. Hákon gaf þjálfara Breiðabliks einn á gullann og áttu þeir félagar fótum sínum fjör að launa undan hnefahöggum leikmanna og grjótkasti úr áhorfendapöllum. Það var ekki fyrr en víkingasveitin kom á staðinn að það tókst að lægja ófriðarölduna og leiknum var framhaldið.

„Þetta fyrr beint í reynslubankann,“ segir Hákon. „Það er auðvitað lífsstíll að vera dómari og því er þetta hluti af tilverunni.“

Ritstjóri körfunnar.is var ekki jafnánægður með þessa uppákomu: „Framkoma af þessu tagi er



KONRÁÐ JÓHANN BRYNJARSSON Ver flautuna fram í rauðan dauðann

óafsanlegur dónaskapur fyrir unga og upprennandi leikmenn og alla ef út í það er farið, sama hvað býr að baki. Dómarar eru ekkert öðruvísi en leikmenn, þeir stíga fram á völlum með það að augnamiði að gera sitt besta. Stundum gengur það eftir og stundum ekki, hjá dómurum, leikmönnum og þjálfurum.“